

Nd.

294. Lög

um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl).

1. gr.

Í stað 3. gr. 2. másl. laga nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs, komi:

Enn fremur skal haldið á hverju vori búnaðarnámsskeið við skólann, 6—7 vikur.

2. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi:

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar. Taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71, 28. nóvember 1919, um laun embættismanna.

Auk þessa skal sjeð fyrir nauðsynlegri timakenslu og búnaðarkenslu við vörnámsskeiðin, annaðhvort með aðstoð forstöðumanns gróðrarstöðvar þeirrar, sem á Eiðum er, eða á annan veg.